



Reglur um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda.

1. gr.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar er heimilt er að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstarfsemi. sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Fasteignir sbr. 1. gr. skulu vera skráðar eignir félagasamtaka og notaðar af þeim í þeim tilgangi sem getið er í 1. gr. Rétt til syrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) reka starfsemi sína í eigin húsnæði í Suðurnesjabæ og eru með lögheimilli í Suðurnesjabæ
- b) starfsemin sé menningar-, íþrótt-, tómstundastarfsemi og mannúðar sem rekin er í almannapágu eða í págu æskulýðs
- c) um mannúarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið
- d) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. 3.gr. reglna þessara.

3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti hverju sinni.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga-eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar. Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfyllir skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts af lóð skal reiknast í sama hlutfalli og af húsnæði.

4. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs (eða öðrum ?) fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum ef þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun hvers árs. Heimilt er að vísa álitamálum um túlkun þessara reglna til bæjarráðs.

5. gr.

Autlýst skal í janúar ár hvert eftir umsóknum um styrki til greiðslu fasteignaskatts. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum sé einn mánuður og að úthlutun og greiðslu styrks sé lokið eftir að umsóknarfrestur er liðinn.

Með umsókn um styrk skal fylgja (ársreikningur síðast liðins rekstrarárs) lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

Sætti aðili sig ekki við afgreiðslu á umsókn getur hann óskað eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

6. gr.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar þann 3. apríl 2024.